

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)  
Strandgötu 18  
735 Eskifirði

Egilsstaðir, 8.1.2025  
UST202401-315/F.Æ.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. nóvember 2024 – Fiskeldi Austfjarða, Þorlákshöfn, ID 312**

Þann 1. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.**

**Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Í ársyfirliti skulu koma fram upplýsingar um dagsetningar mynda sem skal taka af útrás stöðvarinnar og eiga að fylgja ársyfirliti.
2. Tryggja þarf að réttar upplýsingar, t.d. um fóðurnotkun, komi fram í öllum gögnum sem eru send til eftirlitsaðila.

**Eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Efni voru geymd án fullnægjandi lekavarna.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur